

LEYFISKERFI KSÍ**TÆKJAKASSI:** TDO 01.2.1***Ferli eftirlits og endurmats*****LEYFISKERFI**

ÁBYRGÐARADILI	Framkvæmdastjóri / Leyfisstjóri	
VERKEFNI	Eftirlit og endurmat Leyfiskerfis	

YFIRLIT VERKEFNIS:	Framkvæmdastjóri KSÍ skal, í samstarfi við leyfisstjóra, endurskoða meginþætti leyfiskerfis KSÍ a.m.k. einu sinni á ári til að tryggja framgang kerfisins í heild.	
UMFANG:	Allir meginþættir Leyfiskerfisins.	
STIG	LÝSING	ÁBYRGÐ
1.	Ákveða skal hversu oft endurskoðun skuli fara fram og leggja drög að dagsetningum.	Framkvæmdastjóri
2.	Ákveða hverjum skuli fela framkvæmd endurskoðunar.	Framkvæmdastjóri
3.	<p>Lagður fram listi yfir þau málefni sem fara skal yfir hverju sinni. Þessi listi er breytilegur og getur t.d. innihaldið eftifarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Yfirferð síðasta keppnistímabils - UEFA, undanþágur, endurbætur á handbók o.fl. - Staðaryfirvöld v/ mannvirkja o.fl. - Svörun frá leyfisumsækjendum - Starfsfólk, menntun o.fl. - Aðstaða - Mat á því hvað mætti betur fara 	Framkvæmdastjóri / Leyfisstjóri
4.	Framkvæmd endurskoðunar og skráning niðurstaðna. Niðurstöður skulu notaðar þegar unnið er að endurbótum á kerfinu.	Framkvæmdastjóri / Leyfisstjóri
5.	Halda skal skrá yfir endurmat hvers árs fyrir sig til að geta fylgst með breytingum milli ára.	Framkvæmdastjóri / Leyfisstjóri

UEFA-staðall

1.	LS skal kanna reglulega mat leyfisumsækjenda / leyfishafa á frammistöðu leyfisstjórnar. Þetta skal gert a.m.k. einu sinni á ári, t.d. með spunningalista.	LS
2.	Svörun frá leyfisumsækjendum / leyfishöfum skal haldið til haga og nota til hlíðsjónar þegar unnið er að endurbótum á leyfisferlinu.	LS

3.	Formleg kvörtun frá leyfisumsækjendum / leyfishöfum verður að berast skriflega, með tölvupósti eða á faxi. Kvörtun verður eingöngu tekin gild sem slík ef hún berst skriflega.	
4.	Ef formleg kvörtun er þess efnis að bregðast verði við henni strax, skal leyfisstjóri sjá til þess að svo verði gert. Að öðrum kosti skal kvörtunin tekin upp og rædd á árlegum endurmatsfund. Ef formleg kvörtun snýr með einhverjum hætti að störfum og frammistöðu leyfisstjóra ber LS að koma henni umsvifalaust á framfæri við framkvæmdastjóra KSÍ.	
5.	Við árlegt endurmat yfirstjórnar á leyfisferlinu skal framvísa öllum formlegum kvörtunum / athugasemdum og fara yfir þær.	LS
6.	Gæta skal þess að formlegar kvartanir / athugasemdir sé vistaðar á öruggan og einfaldan hátt.	LS
7.	LS skal fara árlega yfir leyfisferlið og ganga úr skugga um að bað sé rekið samkvæmt skilgreindum vinnuaðferðum.	LS
8.	LS hannar árlegt endurskoðunarferli þar sem fram kemur hver framkvæmdaraðilinn er og hvenær endurskoðun á að fara fram. Fara skal yfir alla þætti sem fram koma í staðalhandbók UEFA, skv. viðeigandi gátlista (self-assessment checklist). <ul style="list-style-type: none"> • Leyfisferlið • Yfirstjórn • Mannauður • Skjalastýring • Endurmat og eftirlit 	LS
9.	Niðurstöður endurmatsins verða síðan kynntar fyrir yfirstjórn.	LS
10.	Komi í ljós meiriháttar brotalamir á framkvæmd leyfisferlisins er LS skyld að greina yfirstjórn strax frá því og vinna að nauðsynlegum úrbótum.	LS
11.	LS skal tryggja að allar úrbætur sem ákveðið er að ráðast í séu framkvæmdar samkvæmt áætlun.	LS
12.	LS safnar saman upplýsingum, svo sem: <ul style="list-style-type: none"> • Formlegum kvörtunum/athugasemdum • Svörun við spurningalistum o.fl. • Innra endurmati • Áhættugreiningu • Og öllu öðru sem komið gæti að gagni LS fer yfir upplýsingarnar, metur/greinir þær og leitar eftir leiðum til endurbóta.	LS
13.	LS gerir samantekt þar sem greint er frá niðurstöðum. Niðurstöðurnar skulu kynntar fyrir yfirstjórn við árlegt endurmat og ákvarðanir teknaði varðandi aðgerðir.	LS